

Fimmtudaginn 25. janúar 1996.

Nr. 350/1994.

Stígandi hf.

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Hafnarbakka hf. og til réttargæslu

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Jakob Möller hrl.)

Lausafjárkaup. Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1994 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 14.485.102 krónur, með tilgreindum vöxtum frá 1. október 1991 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara verulegrar lækkunar bóta. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Einnig hafa verið lagðar fram skýrslur, er gefnar voru í Héraðsdómi Reykjaness að beiðni áfrýjanda 13. janúar sl. Þar komu fyrir dóminn sem vitni Sigurður Sigfússon, framkvæmdastjóri hjá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda í Milánó á Ítalíu, og dr. Sigurður Grétar Bogason matvælafræðingur.

Í skýrslu Sigurðar Sigfússonar kemur fram, að haustið 1991 hafi borið mikið á rauða í fiski frá mörgum framleiðendum, sem gosið hafi upp á mörgum stöðum samtímis. Einkenni hafi bent til þess, að rauðamengað salt hafi verið notað við framleiðsluna. Kvartanir hafi komið frá kaupendum við Miðjarðarhaf, og þetta hafi kostað SÍF verulegar skaðabætur. Við athugun hafi böndin borist að saltfarmi, sem kom til Íslands frá Frakklandi á vegum Hafnarbakka hf. 4. júní 1991. Ekki er í ljós leitt, hvort skaðabótakröfum hafi verið beint að stefnda vegna þessa.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er talið, að roðagerlar séu í öllu

sjávarsalti og að til þess að þeir geti vaxið og fjölgað sér, þurfi þrennt að koma til: lífræn næring, raki og hiti yfir $7-8^{\circ}\text{C}$. Álit sérfræðinga Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er á þá leið, að ekkert bendi til þess, að roði komi fram í saltfiski við vinnslu og geymslu, þótt roðagerlafjöldi sé mikill í saltinu, sé hitastigi haldið undir $7-8^{\circ}\text{C}$. Fari hitastig hins vegar yfir þau mörk, sé líklegt, að roðagerlar verði virkir, en þá fari það meðal annars eftir fjölda gerlanna í saltinu, hve fljótt roðinn komi fram í saltfiskinum. Þessu sérfræðiáliti hefur áfrýjandi ekki hnekk.

Samkvæmt framburði framkvæmdastjóra áfrýjanda varð hann var við roðaskemmdir í saltfiskinum „upp úr miðjum júní“. Samkvæmt skjölum málsins var fyrri hluti júnímánaðar 1991 kaldur á Akureyri, en síðari hluti hlýr. Fór hiti þar í $13,5^{\circ}\text{C}$ 17. júní og í $19,6^{\circ}\text{C}$ 18. júní og hélst yfir 12°C það, sem eftir var júnímánaðar, og fór í $18-20^{\circ}\text{C}$ í lok mánaðarins. Ekkert er í ljós leitt um hitastig í húsinu, þar sem fiskurinn var verkaður. Í málinu liggur fyrir rannsókn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, dagsett 1. júlí 1991, þar sem segir um sýni, sem mótttekið var 10. júní, að fjöldi roðagerla í því „telst vera í meira lagi miðað við nýnnflutt sjávarsalt“. Þrátt fyrir þetta er það meðferð og notkun áfrýjanda á saltinu, sem hér ræður úrslitum. Verður að fallast á það, sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, að skýringin á því, að roði myndaðist í fiski áfrýjanda, hljóti að vera, að hiti hafi farið yfir $7-8^{\circ}\text{C}$, þegar fiskurinn var verkaður. Verður því fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á bótaábyrgð stefnda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en málskostnað.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 25. maí 1994.

Mál þetta, sem dómttekið var 20. fyrra mánaðar, hefur Stígandi hf., kt. 550268-0199, Kirkjuvegi 3, Ólafsfirði, höfðað fyrir dóminum með þingfest-

ingu málsins 23. nóvember sl. á hendur Hafnarbakka hf., kt. 560988-2069, Hvaleyrarbraut 23, Hafnarfirði, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til réttargæslu.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndi, Hafnarbakki hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 14.485.102 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta].

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda, Hafnarbakka hf., eru endanlegar dómkröfur aðallega þær, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar mjög verulega og málskostnaður falli þá niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, enda engar kröfur gerðar á hendur honum.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir helstir, að stefnandi, sem rekur saltfisksverkun á Ólafsfirði, festi 4. júní 1991 kaup á 100 tonnum af fisksalti hjá stefnda, sem m. a. stundar þá starfsemi að flytja inn og dreifa salti. Saltið var flutt til landsins frá Frakklandi í leiguskipinu ms. Salzach af stefnda, og var farmur þess m. a. losaður á Dalvík, þar sem stefnandi keypti saltið, eftir að það hafði verið sekkjað.

Stefndi lét taka sýni úr saltfarminum 10. júní 1991 og kom því til rannsóknar á örverudeild Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Niðurstaða rannsóknar á sýninu lá fyrir 1. júlí sama ár, og leiddi hún í ljós, að 170.000 roðagerlar reyndust vera í hverju grammi. Rannsóknarinn taldi fjölda gerla vera í meira lagi m. v. nýinnflutt Spánarsalt.

Stefnandi lýsir atvikum m. a. svo:

„Stefnandi gerði kaup þessi, þar sem birgðir hans af nýju salti höfðu gengið til þurrðar, en hjá honum voru þá í vinnslu u. þ. b. 120 til 130 tonn af verkuðum fiski og þar af 67,6 tonn, sem stóð til að meta til útflutnings, þ. e. salta með nýju salti og flokka eftir stærð og gæðum í útflutningsumbúðir. Fljótlega eftir að farið var að nota saltið, komu í ljós roðaskemmdir (rauði) í saltfiskinum. Þá var strax haft samband við afgreiðslu stefnda, Hafnarbakka hf. á Dalvík, og kvörtun komið á framfæri. Starfsmenn þar mótmæltu því, að um gallað salt gæti verið að ræða. Jafnframt var strax í samráði við eftirlitsmann SÍF hafist handa við allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekara tjón. Tekið var til við að þvo og skrubba hvern fisk bæði með handþvotti og vélþvotti, og var m. a. fengin til þess sérstök vél að láni frá SÍF í Reykjavík. Síðan var endursaltað með nýju salti. En allt kom fyrir ekki, roðinn blossaði upp aftur og enn aftur, svo að í þrígang

þurfti að meðhöndla sama fiskinn, og var það ekki fyrr en eftir 15. ágúst 1991, eftir að afgreiðsla fór fram úr nýjum saltfarmi úr flutningaskipinu Mur, að roðinn hætti að koma fram. Allt starfsfólk stefnanda var bundið við þetta frá miðjum júní til septemberloka 1991. Þegar upp var staðið eftir sumarið og búið að komast endanlega fyrir roðann, hafði fiskurinn bæði rýrnað að heildarþyngd og fallið töluvert í mati vegna minni gæða.

Miðað við 48% flatningsnýtingu, sem er meðalnýting, hefði útflutningur stefnanda þetta tímabil átt að vera 158.188 kg, en varð í reynd 139.000 kg, þegar upp var staðið. Vegna roðans hafði því orðið magnrýrnun, sem nam 19.188 kg. Meðalverð, áður en roðavandamálið kom upp, hafði verið 263,47 kr. á kg miðað við mat á þeim 67,6 tonnum, sem verið var að meta til útflutnings og söltuð höfðu verið með nýja saltinu, en varð 244,51 kr. eftir á.

Endurtekning roðans stafaði af því, að alltaf var verið að salta fiskinn úr gölluðu salti, en nýjar afgreiðslur frá stefnda, Hafnarbakka hf., til og með 7. ágúst 1991 fóru fram úr sama saltfarminum, sem stefnda, Hafnarbakka hf., mátti vera ljóst, að væri gallaður, þar sem gerlarannsókn að undirlagi hans hafði farið fram þegar eftir komu Salzach til landsins. . . . Eftir að roðinn kom upp um miðjan júní 1991, lagðist öll venjuleg saltfisksverkun af hjá stefnanda að undanskildu því, að í byrjun tímabilsins var unnið úr 62 tonn-um, sem eftir verkun urðu u. þ. b. 30 tonn, sem síðan urðu roðanum að bráð eins og annað. . . . Heildarsaltkaup stefnanda hjá stefnda, Hafnarbakka hf., voru á þessu tímabili samtals 322 tonn, en þar af reyndust 150 tonn vera úr farmi Salzach. Af þessum kaupum ónýttust a. m. k. 182 tonn, en það er magn, sem stefnandi hafði skráð hjá sér, um leið og því var ekið í sjóinn.“

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram í málinu skrá yfir aðra fiskverkendur, sem keyptu salt úr farmi ms. Salzach, og hefur þeirri skrá ekki verið mótmælt sem slíkri. Óumdeilt er í málinu, að þegar saltkaupin fóru fram, höfðu gæðastaðlar SÍF um fisksalt ekki verið gefnir út. Fyrsta útgáfa slíks staðals var í febrúar 1992.

Undir rekstri málsins öfluðu málstaðilar sérfræðiálita Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins við tilteknum spurningum. Af hálfu stefnda var álots óskað á eftirtöldum atriðum, og er sérfræðiálits Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins getið eftir hverja spurningu:

1. Hverjar eru sennilegustu skýringar á skemmdum fisks þess, sem um getur í skjölum málsins, og hefði verið unnt að afstýra skemmdunum með öðrum vinnubrögðum en lýst er í skjölum málsins?

1. Svar RF: Skemmdirnar í saltfiskinum hafa stafað af vexti svo-

nefndra roðagerla (ættkvísir halobacterium og/eða halococcus), en þessir gerlar framleiða rautt litarefni. Almennt er talið, að roðagerlar vaxi ekki í saltfiski, ef hiti er undir 7–8°C. Sennilegustu skýringar á því, hvers vegna roðamyndun átti sér stað í fiskinum hjá Stíganda hf., eru þær, að geymsluhiti fisksins hafi á einhverjum stigum vinnslunnar farið yfir 7–8°C.

2. Eru roðagerlar í öllu sjávarsalti, sem unnið er við Miðjarðarhaf og notað til fisksöltunar?

2. Svar RF: Já, talið er, að roðagerlar séu í öllu sjávarsalti.

3. Sé svarið við 2 já, eða a. m. k. flestu, hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi, til þess að roðagerlar í saltinu verði virkir?

3. Svar RF: Til þess að roðagerlar verði virkir, þ. e. geti vaxið, þarf að koma til lífræn næring (t. d. fiskhold), raki og hiti yfir 7 – 8°C.

4. Séu í fisksalti 170.000 roðagerlar í 1 g, má þá nota það salt til fiskverkunar án hættu á skemmdum, sé eðlilegum varúðarráðstöfunum fylgt?

4. Svar RF: Það eru engin lög eða reglugerðir til, sem banna notkun salts til fiskverkunar, sem inniheldur 170.000 roðagerla í 1 g. Slíkt salt er hægt að nota til söltunar án hættu á roðaskemmdum sé fullkomlega tryggt, að geymsluhiti á fiskinum fari ekki yfir 7 – 8°C.

5. Er líklegt, að roðagerlar í fisksalti verði virkir, óháð fjölda þeirra í upphafi, sé saltað í húsi, sem stendur opið og lofthiti er yfir 8° og kæling ekki stöðugt í gangi?

5. Svar RF: Já, það er líklegt, að roðagerlar í saltfiski verði virkir, ef lofthiti er yfir 8°C og kæling ekki stöðugt í gangi.

6. Er líklegt, að saltfiskur, sem verkaður var við skilyrði, sem lýst er í dómskjali 17, skemmist af roðagerlum, þótt fjöldi gerla hefði verið langt undir 170.000 í 1 g fyrir upphaf verkunar?

6. Svar RF: Hafi geymsluhiti fisksins sannanlega farið yfir 7 – 8°C í einhvern tíma, má telja líklegt, að roðaskemmdirnar hefðu komið fram, þótt fjöldi roðagerla í saltinu hefði verið langt undir 170.000 í 1 g í upphafi verkunar. Hins vegar er líklegt, að roðamyndunin hefði komið eitthvað síðar fram, ef saltað hefði verið með salti með mjög lágu roðagerlamagni. Ekki er unnt að nefna ákveðin tímamörk í þessu sambandi.

Þá verður á sama hátt og hér að framan gerð grein fyrir beiðni stefnanda um sérfræðiálit RF og svörum RF:

A. Í fræðiritum, þar sem fjallað er um sjávarsalt til fisksöltunar, segir, að gera megi ráð fyrir heildargerlafjölda í grammi á bilinu 10^2 – 10^3 , sbr. grein í Fish Tech. News, Vol. 10 1:1990, höfundar H.H. Huss og G. Valdimarsson, þar sem vísað er í fræðirit Jespen & Skovgaard frá 1975: Levnedsmiddel-mikrobiologi og hygiejne. Eru sérfræðingar RF samþykkir þessari viðmiðun?

A. Svar RF: Mjög fáar mælingar hafa verið gerðar á heildargerla-fjölda í sjávarsalti hér á landi. Hins vegar benda þær mælingar, sem gerðar hafa verið hjá RF á roðagerlum í nýinnfluttu sjávarsalti, til þess, að ekki sé óalgengt, að fjöldi þeirra sé á bilinu $10^3 - 10^5$ í 1 g. Í greininni, sem vísað er til í spurningu yðar, er nefndur heildargerlafjöldi í sjávarsalti **alls ekki** ætlaður sem viðmiðun. Þar er tekið fram, að fjöldinn geti verið mjög breytilegur, og m. a. bent á, að gerlum fækki við geymslu í þurru umhverfi.

B. Á dómskjali nr. 26 er saltstaðall nr. 1. Þar segir, að fjöldi roðagerla eigi ekki að fara yfir 10^3 í hverju grammi. Þar er vísað til samstarfs RF við gerð staðalsins, og sé hann m. a. byggður á upplýsingum þar frá. Byggðist þessi fjöldaviðmiðun, hvað roðagerla snerti, á því, sem talin var almenn viðmiðun, sbr. lið A hér að framan?

B. Svar RF: Fyrsta útgáfa af saltstaðli SÍF frá 1. febrúar 1992 (dómskjal nr. 26) er ekki lengur í gildi, en þar sagði, að fjöldi roðagerla ætti ekki að vera yfir 10^3 í 1 g. Í 2. útgáfu staðalsins frá 1. júní 1992 var þessu breytt þannig, að roðagerlar skuli ekki vera yfir 10^5 í 1 g (undir 10^5 gott, $10^5 - 10^6$ gallað). Þessi breyting var m. a. gerð í ljósi þess, að ekki er óalgengt, að roðagerlafjöldi í nýinnfluttu sjávarsalti sé á bilinu $10^3 - 10^5$ í 1 g, eins og áður sagði.

C. Er það í samræmi við áður tilgreinda viðmiðun, þ. e. 10^3 pr. gramm, að í gerlarannsókn á dómskjali nr. 22 er sagt, að niðurstaðan 34000 roðagerlar í grammi teldist nokkuð mikið?

C. Svar RF: Miðað við 2. útgáfu saltstaðalsins, þar sem mörkin eru sett við 10^5 í g, er ekki óraunhæft að telja 34000 roðagerla í g nokkuð marga. Sé hins vegar litið til 1. útgáfu, sem nú er úr gildi fallin, en þar var miðað við 10^3 , væri eðlilegra að telja þennan fjölda mikinn.

D. Ef svarið við C er neikvætt, óskast það skýrt, hvernig viðmiðun í því tilviki hafi verið fundin.

D. Svar RF: Undirritaðir telja, að viðmiðunin í 1. útgáfu saltstaðalsins ($10^3/g$) hafi verið til komin vegna óska SÍF-manna um mjög ströng mörk varðandi fjölda roðagerla í sjávarsalti.

E. Saltafgreiðslan, sem málið snýst um, átti sér stað 4. júní 1991. Gert er ráð fyrir, að vinnsla með saltið hafi byrjað daginn eftir, 5. júní, og kemur fram í gögnum málsins, að roðinn hafi verið kominn fram fyrir miðjan júní. Á dómskjali nr. 28 er yfirlit Veðurstofu Íslands um veður í júní 1991. Ef tekið er mið af hitastigi á tímabilinu 5. júní 1991 til og með 15. júní 1991 á Akureyri, sem talið er sambærilegt við Ólafsfjörð, sést, að meðalhiti þess tímabils er $5,2^\circ$, og fer hitastigið hæst í $9,2^\circ$, en lægst í $0,8^\circ$. Er líklegt, að hitastig innan dýra í óupphituðu saltfisksverkunarhúsi, gluggalausum með inn-

keyrsludyr í norðurátt, hafi farið yfir 8° miðað við þessar aðstæður á sama tímabili?

E. Svar RF: Undirritaðir telja, að ekki sé hægt að svara þessari spurningu á áreiðanlegan hátt miðað við þær upplýsingar, sem fram koma í spurningunni.

F. Er líklegt, að saltfiskur skemmist af roðagerlum við vinnslu, sé magn roðagerla undir 10^3 í hverju grammi og hitastig við verkun undir 8° ?

F. Svar RF: Það er afar ólíklegt, þar sem almennt er talið, að roðagerlar vaxi ekki í saltfiski, sé hiti undir $7-8^\circ$.

G. Á dómskjali nr. 9 er gerlarannsókn nr. SA-91-5. Einstakar mælingar óskast tilgreindar, sem leiða til meðalniðurstöðunnar 170.000 roðagerlar í hverju grammi.

G. Svar RF: Aðeins ein mæling, eitt sýni, liggur að baki tölunni 170.000/g í gerlarannsókn nr. SA-91-5.

H. Liggja fyrir aðrar gerlarannsóknir á salti frá þeim framleiðanda í Suður-Frakklandi, sem vísað hefur verið til? Ef svo er, hver var þá niðurstaðan?

H. Svar RF: Þegar saltsýni eru send RF til roðagerlamælinga, fylgja að öllu jöfnu ekki með upplýsingar um framleiðanda saltsins. Því er ekki ljóst, hvort aðrar rannsóknir hafa verið gerðar á salti frá sama framleiðanda og framleiddi umrætt salt (sbr. rannsókn SA-91-5).

Í 2. útgáfu gæðastaðals SÍF fyrir sjávarsalt til saltfisksframleiðslu, sem út kom í júní 1992, segir m. a. í grein 4.4.1, að roðagerlar skuli ekki vera samtals fleiri en 100.000 roðagerlar/g (gott < 100.000 roðagerlar/g, gallað 100.000–1.000.000 roðagerlar/g).

Í 7. gr. staðalsins segir, að ef einn eða fleiri gæðaðættir fái einkunnina „ónothæft“, sé allt það salt, sem mælingin taki til, ónothæft til söltunar á fiski. Ef einn eða fleiri gæðaðættir fái einkunnina „gallað“, skuli takmarka notkun á saltinu þannig, að tjón verði í lágmarki.

Af hálfu stefnanda hefur m. a. verið lagt fram í málinu mánaðaryfirlit Veðurstofu Íslands um veðráttu í júní 1991. Samkvæmt yfirlitinu var meðalhiti júnímánaðar á Akureyri $8,1^\circ\text{C}$, hámarksmeðalhiti $12,2^\circ\text{C}$ og meðaltal lægsta hita $5,0^\circ\text{C}$.

Hámarkshiti var yfir 10° 1. – 4. júní, undir 10° 5. – 17. júní, en talsvert yfir 10° , það sem eftir lifði mánaðarins. Hæst komst hitinn í $20,1^\circ$ 30. júní þetta ár.

Af hálfu stefnda hafa verið lagðar fram í málinu yfirlýsingar Sólrúnar hf. á Árskógsströnd og Fiskverkunar Sæunnar Axelsdóttur hf. á Ólafsfirði,

báðar dagsettar 30. september 1993, sem ganga út á það, að þessi fyrirtæki hafi keypt salt á Dalvík 5. júní 1991 úr farmi ms. Salzach, notað það við hefðbundna saltfisksverkun og ekkert reynst athugavert við saltið né afurðirnar, sem verkaðar voru með því. Tekið er fram, að ekkert hafi borið á roðaskemmdum í fiskinum. Fyrri yfirlýsingin var staðfest við aðalmeðferð málsins.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur framkvæmdastjóri stefnanda, Gunnar Þór Árnason, sonur hans, Sigurður Gunnarsson, stjórnarmaður í stefnanda, framkvæmdastjóri stefnda og Bragi Ragnarsson.

Fyrir dóminn komu sem vitni Jón Helgason eftirlitsmaður, fyrrverandi yfirfiskmatsmaður hjá Ríkismati sjávarafurða, Ósk Sigríður Jónsdóttir, starfsmaður skoðunarstöðvar á Dalvík, fyrrverandi matsmaður hjá stefnanda, dr. Grímur Valdimarsson örverufræðingur, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Gunnlaugur Vigfússon, verkstjóri hjá Þormóði ramma á Siglufirði, Pétur Sigurðsson, verkstjóri hjá Sólrúnu hf. á Árskógsströnd, og Sigurpáll Þór Gunnarsson viðskiptafræðinemi, sonur framkvæmdastjóra stefnanda.

Fram kom í framburði framkvæmdastjóra stefnanda, sona hans og vitnisins Óskar Sigríðar Jónsdóttur, að staðið hefði verið að verkun saltfisks þetta sumar eins og venja stæði til, ekkert hefði verið athugavert við kælingu fisksins og hitastig í fiskverkunarhúsi og að roðatjónið hefði verið bundið við notkun þess salts, sem mál þetta snýst um.

Fram kom í framburði vitnanna Gunnlaugs Vigfússonar og Péturs Sigurðssonar, að umrætt salt hefði verið notað við verkun saltfisks í fyrirtækjum þeim, sem þeir starfa hjá, án þess að roða yrði vart í fiskinum.

Vitnið Jón Helgason minntist þess ekki, að neitt hefði verið athugavert við aðstæður til fiskverkunar hjá stefnanda þetta sumar, og taldi hann kæligetu hjá fyrirtækinu hafa verið þokkalega í ágúst 1991.

Vitnið dr. Grímur Valdimarsson lýsti því, í hverju roðatjón fælist, orsökum þess og hver skilyrði þyrftu að vera, til þess að roðagerlar næðu að fjölga sér í þeim mæli, að roðinn sæist berum augum. Nánar verður vikið að framburði vitnisins að þessu leyti í forsendum dómsins.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi hafi selt honum gallaða vöru, sem bæði hafi reynst ónothæf sjálf og valdið mjög alvarlegu tjóni á þeirri vöru, sem hún rann saman við, vegna síns upphaflega galla. Stefnda hafi verið ljóst, að nota ætti saltið til fisksöltunar, enda hefði stefndi sjálfur tilgreint saltið sem fisksalt. Stefndi hafi mátt vita, að um gallaða vöru væri að ræða, þar sem hann hafi sjálfur látið gera gerlaprófun á saltinu, þegar það kom til landsins, og hafi magn roðagerla reynst vera 170.000 í hverju

grammi. Samkvæmt Saltfisksbók SÍF þurfi að gera ráð fyrir því, að roðagerlar séu í öllu sjávarsalti, og þar segi, að algengt magn roðagerla sé 100 til 1000 í hverju grammi. Samkvæmt gæðastaðli SÍF sé salt talið gallað, ef magnið fari yfir 100.000 í hverju grammi. Við afhendingu vörunnar hafi engir fyrirvarar verið gerðir af hálfu stefnda þess efnis, að um væri að ræða gallaða vöru, sem hugsanlega væri ónothæf eða gæta þyrfti sérstakrar varúðar við meðhöndlun á. Stefnandi hafi staðið að saltfisksverkun sinni á sama hátt og hann hafi gert um langt árabil, án þess að til tjóns hefði komið. Stefnanda sem innflytjanda og seljanda hljóti að vera skylt að gera kröfu til hins erlenda framleiðanda um gæði vörunnar og krefjast nauðsynlegra gerlamælinga, áður en til innflutnings komi, en samkvæmt Saltfisksbók SÍF þurfi salt að standa nokkra mánuði eftir uppskeru, áður en það sé hæft til notkunar sem fisksalt.

Stefnandi vísar til almennra reglna skaðabótaréttar, og telur hann stefnda hafa með vítaverðu gáleysi valdið sér skaða, og beri hann því ábyrgð á tjóni stefnanda og beri að bæta það að fullu. Í greinargerð sinni vísar stefnandi til laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og grundvallarreglna skaðabótaréttarins kröfum sínum til stuðnings.

Í munnlegum málflutningi reisti stefnandi kröfur sínar m. a. á 3. mgr. 43. gr. kaupalaga, almennu skaðabótareglunni og rýmkaðri sakarreglu. Hann skírskotaði til skaðlegra eiginleika hins selda salts. Stefnandi kveður skaðlega eiginleika saltsins hafa verið langt umfram það, sem stefnandi mátti búast við. Þá hafi stefndi vitað eða mátt vita um skaðlega eiginleika saltsins og þar með, að það var gallað, í síðasta lagi 1. júlí 1991, og hafi hann þá í síðasta lagi átt að láta stefnanda vita. Í máli þessu sé fullsannað, að roðaskemmdirnar meggi rekja til saltsins, og sé orsakasamband því fyrir hendi. Þá sé upplýst í málinu, að því fleiri roðagerlar sem séu í salti, þeim mun meiri líkur séu á roðaskemmdum.

Stefnandi mótmælir því, að ófullnægjandi aðferðum hafi verið beitt við vinnsluna og að hitastig hafi verið of hátt.

Stefnukröfur sundurliðar stefnandi þannig:

- | | | |
|--|---------------|---------------|
| 1. Vinnulaun 13. 6. – 26. 9. 1991 | kr. 3.634.340 | |
| Frá dregst vegna verkunar 62 t. | – 550.000 | kr. 3.084.340 |
| 2. Launatengd gjöld 12% | – | 370.021 |
| 3. Stjórnunarkostnaður þrjá mán. | – | 750.000 |
| 4. Lyftari og flutningstæki 480 tímar | – | 480.000 |
| 5. Gerlamengað salt 182 tonn á 6.260,51 | – | 1.139.413 |
| 6. Verðrýrnun á roðaskemmdum fiski 139.000 kg á meðalverði fyrir roðann að frá dregnu söluverði skemmda fisksins | – | 2.635.440 |

7.	Magnrýrnun vegna roðaskemmda og þvotts á 158.188 kg. Rýrnun 19.188 kg á meðalverði fyrir roðann, 263,47 kr.	–	5.055.462
8.	Vaxtatap vegna seinkunar á sölu afurða, 11,42% af 33.986.890 kr. í þrjá mánuði	–	970.326
		Alls	kr. 14.485.102.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að ekki hafi verið sýnt fram á neinar vanefndir af sinni hálfu á samningi sínum við stefnanda. Saltið, sem selt hafi verið, hafi verið af venjulegum tilskildum gæðum, og sé ósannað, að svo hafi ekki verið. Þá muni alls um 15 – 20 fiskverkendur hafa keypt salt úr sama farmi og stefnandi og enginn nema stefnandi séð ástæðu til að telja sig hafa orðið fyrir tjóni. Jafnvel þótt saltið hafi ekki verið af nægum gæðum, sé ósannað orsakasamband á milli þess og tjóns stefnanda. Fyrir liggir í málinu, að aðstæðum við fiskverkun stefnanda hafi verið verulega áfátt sumarið 1991. Stefnandi virðist hafa vanrækt það grundvallaratriði að halda verkunarfiski kældum fyrir neðan það hitastig, sem roðagerlar vakna úr dvala við.

Með hliðsjón af því, að algerlega sé ósannað, að fisksalti því, sem stefndi seldi stefnanda í júní 1991, hafi verið í nokkru áfátt, sé mótmælt tilvísun stefnanda til laga um lausafjárkaup og grundvallarreglna skaðabótaréttarins. Þá sé tilvísun stefnanda til gæðastaðla mótmælt, en þeir hafi ekki verið komnir í gildi, er salan fór fram.

Af hálfu stefnda er kröfulið 1 í dómkröfum stefnanda mótmælt tölulega og efnislega, kröfulið 2 sem byggðum á röngum grunni, töluliðum 3 og 4 tölulega og efnislega og töluliðum 5 – 8 efnislega.

Í munnlegum málflutningi var því af hálfu stefnda mótmælt sem of seint fram komnum lagarökum hjá stefnanda að reisa dómkröfur á rýmkaðri sakarreglu. Þeim lagarökum hafi stefnandi fyrst hreyft í munnlegum málflutningi.

Af hálfu stefnda var athygli á því vakin, að það væri náttúrlegur hlutur, að roðagerlar væru í sjávarsalti. Þeir verði hins vegar ekki virkir, nema geymsluhiti fisks fari yfir 7 – 8°C. Þá sé ljóst samkvæmt framburði vitnisins dr. Gríms Valdimarssonar örverufræðings, að aðeins kunni að muna örfáum dögum, hvenær roði komi fram í fiski, hvort þeir séu í upphafi t. d. 99.000/g eða 170.000/g í saltinu. Stefnandi hafi mátt búast við gerlum í saltinu, og geti hann því ekki borið fyrir sig, að saltið hafi verið gallað.

Niðurstaða.

Í máli þessu er óumdeilt, að í öllu sjávarsalti eru svokallaðir roðagerlar. Þá þykir bera að leggja til grundvallar í málinu það sérfræðilega álit örverufræðinganna dr. Gríms Valdimarssonar og Hannesar Magnússonar, sem báðir starfa hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, dr. Grímur sem forstjóri, að til þess að roðagerlar í salti verði virkir, þ. e. geti vaxið, þurfi að koma til lífræn næring (t. d. fiskhold), raki og hiti yfir $7 - 8^{\circ}\text{C}$. Álit þeirra hefur hvorki verið mótmælt né tilraun gerð til að hnekkja því.

Í vitnaskýrslu sinni fyrir dóminum kvað dr. Grímur Valdimarsson roðatjón felast í því, að bakteríur af ættkvíslinni *halococcus* og/eða *halobacterium*, sem séu í öllu sjávarsalti, komist í snertingu við fisk eða annað prótín við hitastig yfir $7 - 8^{\circ}\text{C}$ og ná að vaxa í það miklum mæli, að rautt litarefni, sem þær mynda, verði sýnilegt. Þá kvað vitnið ekkert benda til þess í rannsóknunum í dag, að roði myndaðist, ef hiti væri undir $7 - 8^{\circ}\text{C}$. Komi roði hins vegar upp, hafi hiti sannanlega verið yfir $7 - 8^{\circ}\text{C}$ í einhvern tíma. Því fleiri sem roðagerlarnir séu í upphafi, því fyrr komi roðinn fram, sé hiti meiri en $7 - 8^{\circ}\text{C}$. Hins vegar bendi ekkert til þess, að roði komi fram, jafnvel þótt roðagerlafjöldi sé mjög mikill í upphafi, sé hitastig sannanlega undir $7 - 8^{\circ}\text{C}$.

Gæðastaðlar SÍF höfðu ekki verið gefnir út, er umrædd saltkaup voru gerð, en á þeim tíma var þó unnið að gerð þeirra. Þá hefur komið fram í málinu, að stefndi hefur ekki viljað samþykkja staðalinn, að því er varðar mörk fjölda roðagerla. Hvorki hann né framleiðendur salts treystu sér til að ábyrgjast og tryggja ákveðin mörk. Framburður forstöðumanns stefnda að þessu leyti er í samræmi við vitnisburð dr. Gríms Valdimarssonar um tilurð staðalsins, þar sem fram kom, að hagsmunaaðilar hafa ekki getað komið sér saman um ákveðin mörk um hámarksroðagerlafjölda í sjávarsalti.

Dr. Grímur Valdimarsson kvað roðatjón hafa verið alengt áður fyrr alveg frá upphafi saltfisksverkunar. Þetta hafi breyst með tilkomu kælingar á fiski, og sé almenn afstaða manna nú að leysa vandamálið með kælingu. Hann kvaðst hlynntur einhverjum viðmiðunarmörkum um fjölda roðagerla í sjávarsalti til þess að veita meira öryggi, en um þau mörk hafi hagsmunaaðilar ekki komið sér saman. Parna sé því um viðskiptamál að ræða.

Með hliðsjón af framansögðu m. a. þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að fjöldi roðagerla í hinu keypta salti hafi verið meiri en hann gat vænst. Ósannað er, að hann hafi áskilið við kaupin, að í saltinu væru færri roðagerlar í grammi en raun varð á eða að stefndi hafi mátt ætla, að slíkur áskilnaður væri forsenda kaupanna af hálfu stefnanda. Saltið var því ekki gallað í skilningi kaupalaga, hvorki almennt séð né sérstaklega. Sjávarsalt hefur í sér fólgin einn þátt, sem er forsenda þess, að roði geti myndast í

saltfiski við tilteknar aðstæður. Þessi þáttur er þekktur, og honum má halda í skefjum með því að beita þekktum og viðteknum varúðarráðstöfunum. Hér er því ekki um skaðlega eiginleika að ræða í merkingu kaupalaga, sem seljandi beri ábyrgð á.

Framkvæmdastjóra stefnanda var kunnugt um, að í öllu sjávarsalti eru roðagerlar og við hvaða skilyrði þeir fjölga sér og valda að lokum roðatjóni á fiski. Það var því á áhættu stefnanda að verka fiskinn og geyma við aðstæður, þar sem hætta gat verið á roða. Af hálfu stefnanda eru upplýsingar um hitastig á vinnslutímanum og aðrar aðstæður á staðnum af skornum skammti.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, telur dómurinn ekki leika vafa á því, að meginorsök roðans í saltfiski stefnanda megi rekja til þess, að á einhverju stigi framleiðslunnar hafi verkun fiskisins átt sér stað við hita, sem var yfir 7 – 8°C. Eins og málið er vaxið, þykir sönnunarbyrði hvíla á stefnanda, að svo hafi ekki verið. Honum hefur ekki tekist sú sönnun.

Af framangreindum ástæðum er niðurstaða málsins því sú, að ekki hafi verið sýnt fram á nein þau atvik, er leiði til þess, að leggja beri bótaábyrgð á tjóni stefnanda á stefnda, og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, og þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 350.000 kr.

Dóm þennan kveða upp Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Sigurður Kr. Óskarsson fiskvinnsluskólakennari og Sigurlinni Sigurlinnason örverufræðingur.

Dómsuppsaga hafði verið ákveðin 17. þessa mánaðar, en vegna ófyrirséðra atvika varð að fresta henni til dagsins í dag.

Dómarar og lögmenn aðila telja endurflutning málsins óþarfan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hafnarbakki hf., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stíganda hf., í máli þessu.

Stefnandi, Stígandi hf., greiði stefnda, Hafnarbakka hf., 350.000 kr. í málskostnað.